

Fjárhagsáætlun 2021, áherslur og breytingar

Heimfaraldurinn sem við höfum glímt við á þessu ári gerir það að verkum að meiri óvissa er um verkefnastöðu heilbrigðiseftirlitsins á næsta ári en nokkurn tíma áður og gera þessir fordæmalausur tímar okkur erfitt fyrir í áætlunum, þar sem ómögulegt er að áætla hversu lengi þetta ástand varir og hvaða áhrif það hefur á stöðu fyrirtækja og sveitarfélaga. Samdráttur hefur verið í landsframleiðslu og því mikil óvissa hversu mikið tekjur dragast saman vegna fyrirtækja sem hætta eða draga verulega úr starfsemi sinni. Samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands fyrir 2021 er gert ráð fyrir að verðbólga verði 2,7% en samdráttur í landsframleiðslu er áætlaður um 7.6% fyrir árið 2020, en gert er ráð fyrir að hagvöxtur verði 3,9% á næsta ári. Þessi samdráttur í landsframleiðslu á árinu 2020 hefur ekki endurspeglast í verkefnastöðu eftirlitsins á árinu 2020 og eru fleiri nýskráningar fyrirtækja en afskráningar, það sem af er ári. Það gæti þó breyst á nýju ári ef faraldurinn dregst á langinn. Í áætluninni er gert ráð fyrir að viðsnúningur verði í byrjun næsta árs og að hagvöxtur verði í samræmi við spá Hagstofunnar.

Eftir nokkuð mikla óvissu í launaþróun á liðnum árum þar sem samningar hafa verið lausir hafa nú náðst samningar á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera. Við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2021 eru reiknaðar inn samningsbundnar hækkanir í samræmi við kjarasamninga. Á árinu 2019 var innleitt nýtt starfsmat þar sem félagsmönnum BHM var raðað samkvæmt starfsmatskerfi sveitarfélaga, í samræmi við ákvæði í síðustu kjarasamningum og var lokið við að innleiða starfsmatið fyrir alla starfsmenn á árinu 2020. Flestir starfsmenn heilbrigðiseftirlitinu eru félagar í BHM og tóku breytingum í samræmi við nýtt starfsmat. Hafði það óverulegar breytingar á launakostnaði á árinu 2020 ef frá eru taldar þær hækkanir sem fylgdu gerð nýrra kjarasamninga. Gert er ráð fyrir samningsbundnum launabreytingum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.

Vinna við að taka upp nýtt málakerfi hófst á árinu 2019 og var málakerfi tekið í notkun í apríl 2020. Samhliða nýju málakerfi var unnið að nýrri heimasíðu sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru um upplýsingagjöf heilbrigðiseftirlitsins og var hún tekin í notkun í september 2020. Verulegur kostnaður var við upptöku kerfisins sem hafði áhrif til hækunar á útgjöldum vegna tölvumála á árinu 2020 og leggja þarf í nokkur viðbótarkostnað við að uppfylla kröfur um birtingu gagna í samræmi við þær lagabreytingar sem gerðar hafa verið bæði á matvælalögum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gert er ráð fyrir að lokið verði við að mæta auknum kröfum um kynningu á starfsleyfisskilyrðum og umsóknum um starfsleyfi fyrir árslok 2020, en unnið verði að birtingu á niðurstöðum eftirlitskýrsla á árinu 2021. Beðið er eftir ákvörðun Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis með hvaða hætti framsetning á niðurstöðu eftirlits verði, en ákvörðun um birtingu hefur verið frestað um eitt ár og er nú stefnt að því að opinber birting eftirlits verði aðgengileg frá og með 1. janúar 2021.

Bætt var við einu stöðugildi á árinu, en ekki er gert ráð fyrir frekari fjölgun starfsmanna á árinu 2021. Aukin krafa um umhverfisvöktun, bæði í auknum kröfum um loftgæðaeftirlit þar sem bætt verður við mælistöðvum og að upplýsingar verði gerðar aðgengilegar almenningi og einnig eftirliti með lækjum, vötnum og tjörnum sem og vöktun á yfirborðsvatni, kallar þó á aukið vinnuframlag starfsmanna varðandi þennan málaflokk. Engar sértekjur eru á móti þessum málaflokki og því ljóst að framlag sveitarfélaganna þarf að hækka vegna þessa.

Almennt um fjármál og rekstur

Ákveðin hluti starfseminnar snýr að almennu eftirliti, samskiptum innan stjórnsýslunnar og þjónustu við borgarana. Á árinu 2019 var þessi þáttur 29% af heildarútgjöldum heilbrigðiseftirlitsins, en á árinu 2020

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis - Greinargerð með fjárhagsáætlun 2021

stefnir hann í að vera um 31% af heildarútgjöldum ársins og er sá hluti fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögunum. Eins og fram hefur komið eru aukin verkefni á þessu sviði s.s. auknar loftgæðamælingar, aukið markaðseftirlit og önnur verkefni sem tengjast aukinni þjónustu við íbúanna er reiknað með að það hlutfall hækki um 2,5% árinu 2021 og verði um 33,5%.

Megin þáttur starfseminnar snýr samt áfram að eftirlitsskyldum aðilum og er stefnt að því að mæta þeim kostnaði með eftirlitsgjöldum eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir heimila sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir eftirlitsskylda starfsemi, svo sem fyrir eftirlit, útgáfu starfsleyfa og vottorða. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður.

Samkvæmt matvælalögum skulu matvælafyrirtæki greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlitið:

- a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
- b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
- c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Ráðherra hefur gefið út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga vegna heilbrigðiseftirlits.

Gjaldskrár heilbrigðiseftirlitsins er tvær:

- Matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit. Lögð er til breyting á tímagjaldi í kr. 18.000 og sýnatökugjald í kr. 18.500 sem er í samræmi við áætlað kostnað eftirlitsins en töluvert lægra en almenn verðlagsþróun. Tímagjald var kr. 17.500 og sýnatökugjald kr. 18.000 á árinu 2020. Gjöldin eru reiknuð samkvæmt leiðbeinandi reglum umhverfisráðherra um uppbyggingu gjaldskráa fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Innheimta gjald skal ekki vera hærra en raunkostnaður við vinnuna sem er framkvæmd s.s. vegna eftirlits, vottorða eða leyfisveitinga. Öll gjöld sem innheimt eru af heilbrigðiseftirliti eru reiknuð út frá tímagjaldi. Reiknað er með í fjárhagsáætlun að við eftirlit verði stuðst við frammistöðumat þar sem því verður við komið og í samræmi við heimildir í hollustuháttarlögum og lögum um matvæli. Þannig er gert ráð fyrir færri tímum í eftirlitsáætlun en áður, en reynslan mun síðan skera úr um það hvort sú verði raunin.
- Eftirlit vegna hundahalds. Lögð er til einföldun og breyting á gjöldum vegna hundahalds. Eftirlitsgjaldi verði hækkað í kr. 16.000 (kr. 8.000 með afslætti) en á móti verði skráningargjald afnumið. Hundaskráin er nú aðgengileg á heimasíðu eftirlitsins í samræmi við kröfur um gegnsæi í opinberri skráningu. Þá er búið að einfalda skráningu hunda og er hægt að ganga frá skráningu alfarið með rafrænum hætti. Markmiðið með niðurfellingu skráningargjalds er að einfalda skráningu og hvetja hundaeigendur til að skrá hunda sína í samræmi við samþykktir um hundahald. Önnur verkefni er snúa að hundahaldi eru mest flestar vegna ónæðis, gelts, lausagöngu hunda og að hundar séu haldnir í fjölbýli án samþykkis annarra eigenda, en líka vegna alvarlegra tilfella s.s. hundsbits.

Heilbrigðiseftirlitið er með fjórar eigin bifreiðar í notkun. Annar aksturskostnaður er greiddur samkvæmt aksturssamningum og akstursdagbókum. Stefnt er að því að endurnýja bifreiðar heilbrigðiseftirlitsins á næstu árum og vera einungis með umhverfisvæna bifreiðar í rekstri. Þeirri endurnýjun verði lokið í árslok 2023.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis - Greinargerð með fjárhagsáætlun 2021

Heilbrigðiseftirlitið er með aðsetur á Garðtorgi 5 en eftir að eigendaskipti voru á leiguhúsnæði eftirlitsins var tilkynnt að leigusamningi yrði ekki framlengdur. Leigusamningur húsnæðisins gildir fram í mars 2021 með samningsákvæði um að framlengja fram að árslokum 2021, en gegn því að húsaleiga hækki í takt við húsaleigu á sambærilegu atvinnuhúsnæði. Það þýðir að húsnæðiskostnaður eykst á árinu 2021. Hefja þarf undirbúning að flutningi eftirlitsins á árinu 2021 og gæti lagst til stofnkostnaður vegna þess verkefnis. Þar sem sá kostnaður er ekki inn í gjaldskrárútreikningum heilbrigðiseftirlitsins er ljóst að hann verður að fjármagnast af sveitarfélögum.

Fastir fundir eru sóttir á vegum Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða. Auk þess eru sóttir fræðslufundir og ráðstefnur á verkswiði stofnunarinnar.

Heilbrigðiseftirlitið leitar eftir tilboðum frá rannsóknarstofum og er með samning við rannsóknarstofuna Sýni ehf. Matvælasýni ber að taka til mælinga vegna matvælaöryggis. Slík sýni eru tekin í reglubundnu eftirliti og í skipulögðum eftirlitsverkefnum á landsvísu. Innheimta ber kostnað við sýnatöku og greiningu á rannsóknarstofu í reglubundnu eftirliti. Jafnaðargjald er vegna rannsókna pr. sýni skv. eftirlitsáætlun. Komi upp alvarleg matarsýking getur þurft að auka sýnatöku án þess að hægt verði að innheimta rannsóknarkostnað. Efnamælingar eru oftast mjög kostnaðarsamar. Slíkar mælingar eru vegna neysluvatns, varnarefna í matvælum og annarra innihaldsefna matvæla auk mengunarvarnaeftirlits og umhverfisvöktunar. Mælingar sem tengjast mengun koma í ljós í eftirliti, við kvartanir eða í óhöppum. Möguleiki til að innheimta rannsóknarkostnað er að jafnaði ekki fyrir hendi. Á árinu 2020 var aukið og bætt í umhverfiseftirlit og rannsóknarkostnaður því hærri en áður og er gert ráð fyrir auknum kostnaði við rannsóknir á árinu 2021. Þá var farið í viðamiklar viðgerðir á loftgæðamælitækjum á árinu 2020 sem þýðir aukin kostnað við rekstur þeirra.

Færsla bókhalds, endurskoðun og frágangur ársreiknings er aðkeypt þjónusta frá fyrirtækinu KPMG. Núverandi fyrirkomulag var tekið upp í lok árs 2001. Hefur það reynst vel. Samningur er við Garðabæ um útreikning launa og gerð launaseðla. Ekki er áform um breyta því fyrirkomulagi á árinu 2021.

Almennt fyrir starfsáætlun 2021

Verkefnum í matvælaeftirliti, eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum, umhverfisvöktun og mengunaróhöppum hafa verið að breytast. Sífelld koma fram nýjar áherslur sem birtast í lögum reglugerðum og aukinni umræðu í samfélaginu um umhverfismál. Mæta þarf auknum kröfum um birtingu upplýsinga á vefsvæði stofnunarinnar og áfram verður unnið að því að auka aðgengi almennings að upplýsingum. Jafnframt er nauðsynlegt að auka skipulagða eftirfylgni við framkvæmd eftirlits og vinna við frammistöðuflokkunarkerfi til þess að meta eftirlitsþörf fyrirtækja. Á árinu hefur verið unnið að upptöku á nýju mála- og tölvukerfi fyrir eftirlitið og nú þegar innleiðingu er lokið er von okkar að það skili sér í meiri samræmingu á eftirliti og birtingu niðurstaðna sem og skilvirkni við eftirfylgni.

Töluverðar breytingar hafa verið í laga- og reglugerðarverki heilbrigðiseftirlitsins. Aukin verkefni hafa verið sett á heilbrigðiseftirlitin á sumum sviðum á meðan önnur verkefni eru færð undir aðrar stofnanir eins og Umhverfisstofnun. Þessar breytingar hafa þó verið ómarkvissar að okkar mati og mjög óljós hvort þær hafi fjárhagslegar breytingar í för með sér. Eins og áður hefur komið fram voru breytingar á regluverki varðandi starfsleyfisskyldu í hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirliti og starfsleyfis- og skráningarskylda nokkurra atvinnugreina feldar út. Í farvatninu er að starfsleyfisskylda verður aflögð á nokkrum sviðum atvinnulífs og tekin upp skráningarskylda og er sú breyting nú kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Að mati eftirlitsins á það ekki eftir að einfalda umsjón með mengunar- eða hollustuháttaeftirliti þar sem starfsmenn eftirlitsins koma seinna að málunum með fræðslu og leiðbeiningar sem getur haft kostnaðarsamar afleiðingar fyrir viðkomandi aðila. Lögð verður áhersla á að þjálfar og aðlaga störf heilbrigðisfulltrúa nýjum starfsháttum þannig að það verði ætíð í heiðri að halda uppi gæðum í starfsemi og til að standast flóknari formreglur stjórnslunnar.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis - Greinargerð með fjárhagsáætlun 2021

Íbúapróun

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar voru íbúar þann 1. janúar 2020 alls 84.854 og er fjölgun 2,2% milli ára. Spár um íbúapróun gera ráð fyrir áframhaldandi íbúafjölgun.

Sveitarfélög	Íbúafjöldi				
	Janúar 2020	Janúar 2019	Janúar 2018	Janúar 2017	Janúar 2016
Kópavogur	37.959	36.975	35.970	35.246	34.140
Hafnarfjörður	29.971	29.799	29.412	28.703	28.189
Garðabær	16.924	16.299	15.709	15.230	14.717
Samtals	84.854	83.073	81.089	79.179	77.046

Starfsmannahald 2021

Umfang eftirlits eykst vegna aukinna krafna um sýnileika og meiri formfestu. Íbúafjölguninni fylgir fjölbreyttari starfsemi. Á móti kemur að vegna heimsfaraldursins hefur hægst á stofnun nýrra fyrirtækja og spáð er litlum hagvexti á næsta ári. Kröfur til heilnæmara umhverfis kalla á umhverfisvöktun og upplýsingagjöf til stjórnvalda og almennings. Krafa um örugg matvæli er mikil og nákvæmari upplýsingar um innihald, óþolsvalda og uppruna matvælna fylgja breyttum lífstíl neytenda. Kröfur í lögum og reglugerðum koma einnig fram eftir skuldbindingar sem innlend stjórnvöld hafa gert við aðrar þjóðir og eftirlitsstarfsemi hér innanlands þarf að sæta eftirliti alþjóðlegra stofnanna. Mikil vinna fer því í eftirlit með heilsufullyrðingum og merkingum á matvöru, sem í aukna mæli fer fram í netsölu og ýmsum farvegum samfélagsmiðlanna.

Ný vefsíða var tekin í notkun í september, en unnið hefur verið að breytingum á árinu til að uppfylla kröfur um birtingu starfsleyfisskilyrða og auglýsingu starfsleyfa í samræmi við nýja reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri. Í samræmi við þá reglugerð er einnig aukin áherslu á eftirlit með starfsemi sem valdið getur mengun.

Áfram hefur verið unnið að áhættumati fyrirtæki sem lúta matvælaeftirliti og frammistöðuflokkun og er gert ráð fyrir að á árinu 2021 verði byrjað að framkvæma eftirlit í samræmi við þá flokkun. jafnframt verður unnið að áhættuflokkun fyrirtækja á hollustuhátta- og mengunarsviði, en unnið er að þeirri áhættuflokkun í samstarfi Umhverfisstofnunnar og starfsmanna heilbrigðiseftirlitanna.

Á liðnum árum hefur verið ráðnir sumarstarfsmenn til að fara í einfaldara eftirlit og auka þannig vettvangsathuganir og mæta auknum verkefnum í skráningum. Sú lausn hefur gefist vel og komið þannig til móts við óvæntar breytingar í starfsmannamálum sem upp hafa komið, s.s. vegna veikinda eða vegna fæðingarorlofs starfsmanna. Vinna við eftirfylgni verður þó ómarkvissari þegar eftirlitsmaður getur ekki fylgt eftir sínu fyrirtæki, en reynt er að mæta því með bætum verkferlum og skipulagi.

Matvælaeftirlit

Sveitarfélögin hafa skyldu til að sinna matvælaeftirliti og er heilbrigðisnefndum falið opinbert eftirlit með matvælum á markaði, smásölu, framleiðslu samsettra matvæla og framleiðslu matvæla sem ekki eru unnin úr dýrafurðum. Til matvælaeftirlits fellur einnig eftirlit með neysluvatni frá vatnsveitum. Neysluvatni hjá almenningi, fyrirtækjum í matvælaíðnaði og stofnunum sem þjóna viðkvæmum einstaklingum. Vatnsveitur með og án vatnsbóla eða einstök vatnsból eru 7 talsins á svæðinu.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis - Greinargerð með fjárhagsáætlun 2021

Áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi, skjalfestar verklagsreglur og eftirlitsáætlun eru tæki sem nýtt eru til samræmingar á eftirliti. Matvælaeftirlit er fært í gagnagrunn Matvælastofnunnar og er það gert til að samræma vinnulag. Kerfið heldur utan um upplýsingar um fyrirtæki og niðurstöður eftirlits. Öll skýrslugerð mun verða til muna auðveldari í framhaldinu. Jafnframt er unnið að áhættumati og þróun eftirlitshandbókar, eins og áður hefur verið vikið að. Á árinu 2021 verður áherslan á að tengja saman nýtt tölvu- og málakerfi heilbrigðiseftirlisins við gagnagrunn Matvælastofnunnar.

Matvælaeftirlit skal fjármagnað samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélögin gefa út fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda. Skulu matvælafyrirtækin greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum:

- launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
- öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
- kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku. Fyrirtækin eiga sjálf að taka sýni til að tryggja að örverufræðileg viðmið standist. Opinberir eftirlitsaðilar eiga að taka sýni til að sannprófa að niðurstöður fyrirtækjanna standist.

ESA, eftirlitsstofnun EFTA-landanna, er með eftirlitsheimsóknir í EFTA-löndunum. Kannar stofnunin þannig eftirfylgni reglna á Evrópska efnahagssvæðinu. Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, heilbrigðiseftirlitssvæðin, Tollstjóri, Lyfjastofnun og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið eru stofnanir sem ESA gerir úttektir hjá í sambandi við matvæli og neysluvatn. Ekki liggur fyrir hvaða þætti ESA mun skoða á næsta ári, en nokkur vinna fylgir því að afla gagna og ganga frá skýrslum vegna þessa eftirlits.

Matarborinn sjúkdómur er samheiti yfir matareitranir og matarsýkingar. Þegar upp koma matarbornir sjúkdómar vinna Matvælastofnum, Sóttvarnalæknir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sameiginlega að rannsókn svo komast megi sem fyrst að orsakavaldi svo unnt sé að grípa til aðgerða og stöðva útbreiðslu hans. Ef tveir eða fleiri veikjast og grunur beinist að ákveðnum matvælum er málið rannsakað. Farið er yfir vinnuferla með fyrirtækjunum ef tilkynningar berast sem bent geta til matarborins sjúkdóms. Tilvik varðandi þessi atriði eru ekki mörg á ári, en gera verður ráð fyrir bæði vinnu og fjármagni til rannsókna. Hættan á að eitthvað fari úrskeiðis er til staðar og verður alltaf að vera viðbúin þeim.

Matvælahópur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar heldur nokkra fundi á ári. Hlutverk hópsins er að stuðla að samráði og samræmingu milli Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, heilbrigðiseftirlitssvæða innbyrðis og tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Hópurinn skal sjá um samráð vegna samræmingar og framkvæmdar eftirlits með matvælum, taka upp vandamál sem upp koma í eftirliti og leita leiða til að leysa þau, skipuleggja eftirlitsverkefni, taka þátt í skipulagi þjálfunar þeirra sem starfa við opinbert matvælaeftirlit og vera vettvangur upplýsingamiðlunar um matvælaöryggis- og eftirlitsmál. Hann er einn helsti samstarfsvettvangur Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlitsins. Samkvæmt matvælalögum nr. 33/2018 er gert ráð fyrir að haldnir séu samráðsfundir tvisvar á ári þar sem framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlita og starfsmenn Matvælastofnunnar fara yfir helstu málefni sem eru á döfinni. Vegna heimsfaraldursins hefur einungis tekist að halda einn samráðsfund á árinu.

Hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirlit

Heilbrigðisnefnd skal gefa út starfsleyfi samkvæmt viðauka IV, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnaeftirlit, en með breytingum á lögnum í sumar var sú starfsemi sem heilbrigðisnefnd hefur umsjón með sameinuð undir þeim viðauka. Eftirlitið skal ná til athugunar á öllum þáttum umhverfisáhrifa viðkomandi starfsemi sem máli skipta sem og hollustuhátta. Eftirlit fer fram með þeirri starfsemi sem er í raun og veru, en er ekki bundið við eftirlit með starfsleyfisskilyrðum. Þjálfun, staðkunnátta eftirlitsmanns og stöðuleiki í eftirliti eru grundvallar atriði. Reglulegar eftirlitsáætlana gerðar til að halda utan um og tryggja reglubundið eftirlit með atvinnurekstri, þ.m.t. um tíðni vettvangsheimsókna fyrir mismunandi starfsemi. Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna skal

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis - Greinargerð með fjárhagsáætlun 2021

byggjast á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi og skal tíðni eftirlits ekki vera sjaldnar en eitt ár fyrir starfsemi sem veldur mestri áhættu en þrjú ár fyrir starfsemi sem veldur minnstri áhættu. Vegna hollustuháttaeftirlits er ein eftirlitsferð á ári eða eftirlitsferð annað hvert ár algengastar. Til sumra fyrirtækja eru þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að fimm eftirlitsferðir s.s. til stórra sundstaða. Mengunaróhöpp og mengunarslys fylgja okkar samfélagsháttum og þarf stöðugt að vera viðbúin þeim.

Tóbakssala fer yfirleitt fram í verslunum sem selja matvæli og í veitingahúsum. Ein sérvæslun er með tóbak. Sölustaðir tóbaks eru rétt undir 50 á svæði Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Í ljós hefur komið að fjöldi ungs afgreiðslufólks hefur óbeina aðkomu að tóbakssölu og því fyllsta ástæða til að draga ekki úr þessu eftirliti.

Umhverfisvöktun

Umhverfisvöktun er aðallega á sviði loftgæðamælinga í andrúmslofti og með vatnsgæðum í grunnvatni, lækjum, stöðuvötnum, tjörnum og sjó. Þar með talið er eftirlit með framkvæmd hreinsunar á rotþróum. Í reglugerð nr. 796/1999 um verndun vatns eru skyldur lagðar á heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir að flokka vötn og grípa til aðgerða sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi. Af sama meiddi er eftirlit með vatnsverndarsvæðum sem tryggja á öryggi neysluvatns til framtíðar. Umhverfisvöktun með vatnsgæðum nær til mælinga á örverum og efnum.

Í reglugerð um fráveitur og skólp eru sett umhverfismörk fyrir saurmengun yfirborðsvatns vegna holræsaútrása. Rangtengingar hafa leitt til þess að lækir og fjörur mengast. Úr þessari mengun hefur dregið eftir vöktun og samstarfi við sveitarfélögin sem reka fráveitukerfin í umdæminu. Áhættan á rangtengingum og löskuðum lögnum er stöðugt fyrir hendi og á hverju ári koma tilkynningar um mengun í lækjum og vötnum og er þá reynt að finna uppruna mengunar í samstarfi við starfsmenn sveitarfélaganna. Ráðgert er að halda áfram skipulagðri vöktun í svipuðum farvegi. Niðurstöður mengunarmælinga eru nú aðgengilegar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins.

Heilbrigðiseftirlitið hefur rekur tvær loftgæðamælistöðvar. Er önnur staðsett við Dalsmára í Kópavogi og hin við Norðurhellu í Hafnarfirði. Á heimasíðu eru aðgengilegar niðurstöður fyrir almenning úr símælingum á loftgæðum í umdæminu. <http://heilbrigðiseftirlit.is/> og eins heldur Umhverfisstofnun úti vefsíðu www.loftgaedi.is þar sem þessar niðurstöður eru birtar ásamt niðurstöðum frá öðrum mælistöðum á landinu. Eins og áður hefur komið fram er mikil áhugi á að auka frekar loftgæðamælingar og m.a. vera með færanlega loftgæðastöð til að auka þekkingu okkar á breytingum á loftgæðum á svæðinu.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skulu einar sér eða með samvinnu sín á milli gefa út áætlun um loftgæði á sínu svæði þar sem m.a. koma fram tímaáætlun, aðgerðir og stefnumörkun til að bæta loftgæði. Þá skulu heilbrigðisnefndir vinna viðbragðsáætlanir sem taka til skammtímaáðgerða varðandi loftgæði á þeirra svæði. Heilbrigðisnefndir skulu gefa út tilkynningar til almennings um loftgæði á þeirra svæði eftir því sem við á. Ef hætta er á að styrkur mengunarefna í andrúmslofti á tilteknu svæði eða tilteknum þéttbýlisstað fari yfir umhverfismörk samkvæmt ákvæðum í reglugerð skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd gera aðgerðaáætlun með það að markmiði að draga úr hættu sem af því ástandi stafar eða stytta tímabilið sem ástandið varir. Í aðgerðaáætluninni skal koma fram til hvaða skammtímaráðstafana verði gripið til að draga úr þeirri áhættu eða stytta þann tíma sem farið er yfir umhverfismörk. Heilbrigðisnefnd hefur nú tekið saman „Viðbragðsáætlun til að bæta loftgæði“ þar sem settar eru fram þær skammtímaráðstafanir sem nauðsynlegt er að framkvæma til að draga úr loftmengun.

Mælingar á umhverfishávaða og úrvinnsla kvartana um hávaða sem berast frá almenningi eru einnig hluti af umhverfisvöktun. Efla þarf mælingar og bæta tækjakost við hávaðamælingar og er stefnt að því á árinu 2021. Unnar hafa verið aðgerðaáætlanir hjá sveitarfélögunum vegna hávaða sem ætlaðar eru til að stemma stigu við hávaða og hávaðadreifingu. Þar er horft til umferðaskipulags, skipulag landnotkunar s.s. með að færa hávaðasama starfsemi og önnur atriði s.s. stuðla að umhverfisvænni ferðamáta. Í umsögnum um breytingar á aðalskipulagi og deiluskipulagi sveitarfélaganna hefur heilbrigðisnefnd vakið sérstaka athygli á mikilvægi þess að hugað sé að þessum þáttum, sérstaklega þar sem um er að ræða

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis - Greinargerð með fjárhagsáætlun 2021

blandaða byggð atvinnurekstrar og íbúðabyggðar. Vonandi munu úrbætur samkvæmt þeim bæta gæði umhverfis á næstu árum.

Dýraeftirlit

Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að taka slík dýr í vörslu sína, lesa af einstaklingsmerkjum ef þau eru til staðar og gera ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni. Sveitarfélögum er skylt að hafa aðstöðu til að halda slík dýr. Samningar eru um hundageymslu og kattageymslu. Samningum þessum fylgir kostnaður og hefur heilbrigðiseftirlitið haft umsjón með málaflokknum. Kostnaður við hundageymslu greiðist af eftirlitsgjöldum vegna hundahalds en kattageymslan úr sjóðum sveitarfélaganna.

Eftirlit með dýravelferð færðist frá sveitarfélögunum til Matvælastofnunar með lögum sem tóku gildi 1. janúar 2014. Enga síður er algengt að líta á slík mál sem málefni nærsamfélagsins og berast kvartanir um illa meðferð dýra til heilbrigðiseftirlitsins og sveitarfélaganna, sem koma þeim upplýsingum til Matvælastofnunar. Sveitarfélögin fengu verulegar auknar skyldur varðandi afskipti og vörslu dýra sem lenda í lausagöngu. Heilbrigðiseftirlitið hefur séð um þann þátt sem snýr að gæludýrum og aðstoðar starfsmenn sveitarfélaganna varðandi búfenað.

Nýskráningum hunda fjölgar ekki eins og áður. Hvatning til hundeigenda til að sækja grunnnámskeiði í hundauppeldi með lækkun eftirlitsgjalda virðist skila árangri. Skráningargjald var lækkað umtalsvert á árinu 2020 með það að markmiði að hvetja hundaeigendur til að skrá hunda sína, en ljóst er að kynna þarf það áttak til að árangur náist og er stefnt að slíku kynningaráttaki á árinu 2021 og er lagt til að skráningargjald verði alfarið fellt út og einungis innheimt eftirlitsgjald. Upplýsingar um skráningu hunda er nú hægt að nálgast á heimsíðu eftirlitsins og er nú skráning þeirra hægt að gera með rafrænum hætti. Vonast er til að kynningaráttak ásamt einföldun við skráningu verði hvatning til þeirra hundeigenda sem ekki eru með sína hunda skráða, að skrá þá í samræmi við samþykktir sveitarfélaganna. Kvörtunum og afskiptum vegna hunda hefur heldur fjölgað á árinu og er mikið haft samband vegna hundahalds í fjölbýli þar sem uppá vantar samþykki annarra eigenda.

Sveitarfélögin hafa sett samþykktir um kattahald en eiga eftir að fylgja stefnumörkun sinni eftir og veita fjármunum til þess að handsama ketti sem kvartað er yfir. Samningur var gerður f.h. sveitarfélaganna við Kattavinafélag Íslands á árinu 2013 vegna geymslu óskilakatta. Ekki eru áætlanir um breytingar á þeim samningi. Samkvæmt lögum um velferð dýra er skylt að einstaklingsmerkja ketti og eru þau merki skráð í gagnagrunninn, dyraeinkenni.is. Heilbrigðiseftirlitið hefur ekki aðgang að þeim gagnagrunni, en skoða þarf hvort ekki sé skynsamlegt að nánari samvinna sé milli dýralækna og þeirra aðila sem halda úti þeim gagnagrunni við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna.

30. september 2020

Hörður Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis